



## Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt að beiðni stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sbr. meðfylgjandi bréf.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur, að litlar sem engar líkur séu til þess, að Laxárdeilan leysist á sáttagrundvelli, nema stöðvaðar verði allar virkjunarframkvæmdir þar nyrðra, á meðan fram fer nauðsynleg rannsókn á eðli og orsökum deilunnar og hugsanlegum náttúrufræðilegum afleiðingum virkjunarinnar.

Eins og fram kemur í bréfi stjórnar Landeigendafélagsins, hefur hún farið þess á leit við alla þingflokkana, að þeir beiti sér fyrir þessari þingsályktun. Þar sem ekki hefur verið tekið undir þessa málaleitan af hálfu annarra þingflokka en Alþýðubandalagsins, eru flutningsmenn aðeins úr röðum þess.

Fylgiskjöl, sem tilgreind eru í bréfi Landeigendafélagsins, liggja fyrir hjá öllum þingflokkunum og hafa auk þess verið birt í dagblöðum. Óþarft er því að endurprenta þau hér.

## Fylgiskjal.

Til formanna þingflokka.

Stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns leyfir sér að fara þess á leit við yður, að þér beitið yður fyrir þingsályktun um að skora á iðnaðarráðherra að stöðva allar virkjunarframkvæmdir við Laxá í S-Þingeyjarsýslu nú þegar.

Málaleitan vorri til stuðnings vísun vér til meðfylgjandi skjala:

1) „Tillögur til lausnar deilunni um Laxá“, greinargerð frá stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sem birtist fyrir skemmstu í dagblöðum.

2) „Greinargerð um gufuafllstöðvar á jarðhitasvæðum“, samin af Karli Ragnars yfirmanni jarðhitadeildar Orkustofnunar. Greinargerð þessi birtist í dagblöðum.

3) Ljósrit af forsiðu dagblaðsins „Vísir“ hinn 18. marz þ. á.

4) Ljósrit af forsiðu dagblaðsins „Vísir“ hinn 12. marz þ. á.

I. Í útreikningum Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings í fskj. nr. 1 kemur fram, að rafmagn með 50 megawatta háspennulínu norður yfir hálendið frá Búrfelli er stórum ódýrara en rafmagn frá Laxárvirkjun þeirri, sem í smíðum er, þ. e. 6.5 megawatta virkjun.

II. Samkvæmt greinargerð Karls Ragnars í fskj. nr. 2 kemur fram, að yrði sett ný aflvél í gufuvirkjunina í Bjarnarflagi, gæti hún afkastað allt að jafnmikilli orku og virkjun sú, sem nú er í smíðum við Laxá. Þessi viðbótarorka fengist, án þess að nýjar gufuholur yrðu boraðar. Afgreiðslufrestur á slíkri nýrri aflvél er 1—2 ár, og yrði því nægur tími til að gera þessa breytingu, áður en rafmagnsskortur verður á svæðinu.

III. Í dagblaðinu „Vísir“ 18. marz s. l. lýsir Knútur Otterstedt framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar því yfir, að útreikningar sínir á rafmagnsverði frá virkjun þeirri, sem í smíðum er við Laxá, séu miðaðir við 19 megawatta virkjun.

Ljóst er samt, að virkjun sú, sem nú er unnið að, er aðeins 6.5 megawött. Í ráðuneytisleyfi til þessarar virkjunar, dags. 23. september 1969, er skýrt tekið fram, að engin fyrirheit séu gefin af hálfu ráðuneytisins til frekari virkjunarframkvæmda. Í 4. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60/1965 er aðeins heimilað að virkja 12 megawött í Laxá við Brúar. Í bréfi iðnaðarráðuneytis, dags. 13. maí 1970, er því lýst yfir, að engar virkjanir í Laxá skuli leyfðar fram yfir þann áfanga, sem nú hefur verið leyfður, nema að undangengnum vísindalegum rannsóknum á því, hvort virkjanir kunni að valda spjöllum.

Hinn 15. desember s. l. var undirritað samkomulag um tilhögun og framkvæmdir rannsókna af þar til skipaðri nefnd og menn ráðnir til þeirra vísindastarfa. Í samkomulaginu er ákvæði um, að rannsóknir skuli einnig ná til þeirrar virkjunar, sem nú er unnið að.

Er sýnilegt af því, sem hér hefur verið rakið, að Knútur Otterstedt leggur til grundvallar í útreikningum sínum á rafmagnsverði frá þeirri 6.5 megawatta rafstöð, sem í smíðum er, bæði rangar og óleyfilegar forsendur.

Réttilega ber honum að leggja til grundvallar 6.5 megawatta virkjun, þegar hann reiknar út rafmagnsverð frá 6.5 megawatta virkjun, en hann leggur til grundvallar 19 megawatta virkjun.

Þessi 19 megawatta virkjun í útreikningum Knúts Otterstedt hefur:

- 1) Enga stoð í ráðuneytisleyfinu frá 23. september 1969.
- 2) Enga stoð í 4. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60/1965.
- 3) Enga stoð í ráðuneytisbréfinu frá 13. maí 1970, en þar er, eins og áður segir, skýlaust lýst yfir, að alls ekki skuli virkjað meira í Laxá en sú 6.5 megawatta virkjun, sem unnið er að, ef niðurstöður vísindarannsókna reynast neikvæðar.

Hvergi hefur stjórn Laxárvirkjunar getað lagt fram nein gögn um, að henni sé eða verði nokkurn tíma heimilað að reisa 19 megawatta virkjun þá, sem Knútur Otterstedt gerir ráð fyrir í útreikningum sínum.

IV. Í viðtali við blaðamann dagblaðsins „Vísis“ lýsir Eiríkur Briem framkvæmdastjóri Landsvirkjunar því yfir, að Landsvirkjun hafi boðið Laxárvirkjun sölu á rafmagni frá Búrfelli, sem flutt skyldi norður með háspennulínu. Verð þeirrar línu er áætlað um 200 milljónir króna, miðað við flutning á 50 megawöttum. Nánar er fjallað um verð þeirrar orku, sem þar fengist, í forskj. nr. 1.

V. Hagkvæmari leiðir til orkuöflunar en virkjun Laxár eru tvímælalaust fyrir hendi, eins og greindar staðreyndir votta.

Þjóðarhagsmunir krefjast, að Alþingi skerist í leikinn og feli ráðherra að stöðva virkjunarframkvæmdir við Laxá, þar til niðurstöður rannsókna liggja fyrir.

Með því að stilla á þann hátt til friðar í Laxárdeilunni yrði samtímis komið í veg fyrir, að hundruðum milljóna verði kastað á glæ.

Samhljóða bréf er sent formönnum allra þingflokka með ósk um skjóta afgreiðslu, þar sem þingi fer senn að ljúka.

Virðingarfyllt,

Árnesi, 21. marz 1971.

Í stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns:

Hermóður Guðmundsson. Vigfús B. Jónsson. Eysteinn Sigurðsson.  
Jón Jónasson. Þorgrímur S. Björgvinsson.